

Ef þú sérð ekki póstinn smelltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar

Listahátíð

í Reykjavík 2010

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

12. MAÍ - 5. JÚNÍ



LEIF OVE ANDSNES, Christian Tetzlaff Tanja Tetzlaff. FORSALA HAFIN!

Efnisskrá: Fantasiestücke ópus 88 og Píanótríó nr. 3 í g moll ópus 110 eftir Schumann, Ævintýramyndir fyrir selló og píanó e. Janáček, og Sónatína Dvořáks í G dúr ópus 100 fyrir fiðlu og píanó.

Miðasala á: www.listahatid.is og www.midi.is



Andsnes í Sjónvarpinu á laugardaginn

Norski píanóleikarinn Leif Ove Andsnes hefur fest sig í sessi sem einn virtasti og eftirsóttasti tónlistarmaður heims og er aufúsugestur í helstu tónleikasöllum veraldar. Hann er gríðarlega fjölhæfur tónlistarmaður, óhræddur við að takast á við ólík verkefni og hefur gefið út yfir 30 geisladiska þar sem hann leikur allt frá Bach til samtímatónlistar. Fyrir þá hefur hann verið tilnefndur til sjö Grammy-verðlauna en að auki hefur hann hlotið fjölmörg önnur verðlaun m.a. fern Gramophone verðlaun.

Leif Ove Andsnes er í aðalhlutverki í verðlaunaðri heimildarmynd, sem sýnd verður í Sjónvarpinu laugardaginn 6. mars, þar sem Ballaða númer 5 eftir Grieg dregur hann í mikið ferðalag um Evrópu.

Meira um [Leif Ove Andsnes](#).



Sannkallað súpertrío á Listahátíð

„Magnaður kraftur og hrífandi innsæi“ eru orð blaðamanns Daily Telegraph um samstarf þessara merku einleikara og vina sem hafa ástríðu fyrir kammertónlist. Á tónleikunum á Listahátíð í Reykjavík leika þau rómantíska og tilfinningaríka efnisskrá sem er tileinkuð **Robert Schumann**, en í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu hans. Auk þess leika þau hvort í sínu lagi með Andsnes *Ævintýramyndir fyrir selló og píanó* eftir tékkneska tónskáldið **Leoš Janáček**, sem margir muna eftir í kvikmynd Phillips Kaufmans, „Óbærilegur léttleiki tilverunnar“ og hina ljúfu *Sónatínu Antonín Dvořák* í G dúr, ópus 100 fyrir fiðlu og píanó.

[Meira um þýsku systkinin Christian og Tanja Tetzlaff.](#)



Listahátíð í Reykjavík dagana 12. maí - 5. júní

Listahátíð í Reykjavík verður haldin dagana 12. maí til 5. júní. Hátíðin framundan er blönduð hátíð þar sem allar listgreinar njóta sín; tónlist, leiklist, dans, bókmenntir og í sýningarsöllum verður lögð áhersla á ljósmyndir. Viðburðir hátíðarinnar fara fram jafnt á hefðbundnum sem og óhefðbundnum stöðum og þar mætast listamenn þvert á listgreinar og landamæri. Heildardagskrá hátíðarinnar verður kynnt í lok mars en þangað til segjum við allar nýjustu fréttirnar hér í fréttabréfinu og á Facebook síðu hátíðarinnar.

[Fylgdu Listahátíð á Facebook.](#)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími (+354) 561 2444 | Fax (+354) 562 2350 | www.listahatid.is | artfesti@artfest.is

